

## Því dæmist rétt vera:

Ákærði Helgi prestur Árnason skal vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu. Hinir ákærðu Alexander Einar Valentínsson, Bjarni Sigurðsson og Sigurbjörn Guðleifsson greiði 20 kr. sekt í lands-sjóð hver þeirra, eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, sé sektin eigi öll greidd innan ákeðins tíma; auk þess skulu þeir og greiða  $\frac{3}{4}$  hluta af öllum kostnaði málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, en  $\frac{1}{4}$  hluti kostnaðarins greiðist af almannafé; í kostnaðinum felst málsvarnarlaun í héraði til sira Helga Árnasonar 4 kr. og málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. juris Eggerts Claessen og málsfærslumanns Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 29/1905:

Guðmundur Br. Guðmundsson  
 gegn  
 dánarbúi Teits Jónssonar.

D ó m u r :

Hinn 20. dag októbermánaðar 1898 gerðu þeir Teitur Jónsson, er þá var bóndi í Viðey, og Guðmundur Br. Guðmundsson, kaupmaður á Ísafirði, leigusamning um hús, er Teitur átti á Ísafirði. Seldi Teitur Guð-

mundi húsið á leigu frá 10. maí 1899 og skyldi húsið þá vera í »góðu leigufæru ástandi, rúður heilar og lyklar að hurðum.« Guðmundur skyldi greiða 600 kr. ársleigu fyrir húsið, þar af 200 kr. við móttöku húseignarinnar og hitt síðar á leigutímabilinu. Guðmundur flutti þó eigi í húsið, hvorki 10. maí né síðar, og fullnægði þannig eigi leigusamningnum, enda greiddi hann enga leigu fyrir það. Teitur Jónsson, er fluzt hafði vestur, að Grundum í Bolungarvík, höfðaði því mál þetta fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn Guðmundi Br. Guðmundssyni með stefnu 26. okt. 1904 og krafðist leigu fyrir húsið frá 10. maí 1899 til 14. okt. s. á., og reiknaði hann hana blutfallslega eftir 600 kr. ársleigu 259 kr. 73 a. Eftir 14. okt. nefnt ár virðast aðrir hafa tekið húsið á leigu af Teiti. Áður en mál þetta var dæmt í gestaréttinum, en eftir að það var tekið upp til dóms, lézt sækjandi þess, Teitur Jónsson. Var gestaréttardómur kveðinn upp í málinu á Ísafirði 16. jan. þ. á. á þá leið, að ef stefndi í héraði Guðmundur Br. Guðmundsson samkvæmt löglegri stefnu vinnur þann eið að húseign sú á Ísafirði, er stefnandi Teitur heitinn Jónsson átti, hafi ekki verið í góðu leigufæru standi 10. maí 1899, skuli hann vera sýkn af kærnum og kröfum stefnanda í héraði og málskostnaður þá falla niður. En treysti Guðmundur Br. Guðmundsson sér eigi til að vinna svofeldan eið, skuli hann greiða stefnanda í héraði 259 kr. 73 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi unz borgun skeður, og málskostnað með 30 kr.

Dómi þessum hefir Guðmundur Br. Guðmundsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags 11. maí þ. á.

og krafist þess, að dóminum verði breytt svo, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi með nægilegri upphæð eftir réttarins mati.

Áfrýjandi hefir stefnt skiftaráðandanum í Ísafjarðarsýslu fyrir hönd dánarbús Teits Jónssonar, og er það löglegt, en hinn stefndi hefir eigi mætt né látið mæta í málinu, þó að stefnan hafi verið birt honum löglega og verður því að dæma málið eftir framlögðum gögnum og skilríkjum, samkvæmt N. l. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Eins og áður er tekið fram, átti hús það, er Teitur heitinn Jónsson seldi áfrýjanda á leigu, að vera í góðu leigufæru standi hinn 10. maí 1899, með heilum rúðum og lyklum að hurðum, og var þannig kveðið á í leigusamningi þeirra. Áfrýjandi hefir nú skýrt svo frá að húsið hafi ekki verið í leigufæru standi 10. maí 1899, og fyrir því hafi hann eigi flutt í það, en talið leigusamninginn genginn úr gildi þá þegar fyrir þessa sök. Kveðst hann hafa látið stefnuvotta bréflaga birta tengdasyni Teits Jónssonar þetta um það leyti, er hann átti að taka við húsinu; áleit hann, að nefndur tengdasynur Teits, sem var látinn áður er mál þetta hófst, væri umboðsmaður hans á Ísafirði um það skeið (þ: vorið 1899), en Teitur var þá í fjarska; hann átti heimili á Suðurlandi. Áfrýjandi hefir leitt vitni að því, hversu ásigkomulag hússins var 10. maí 1899.

Eitt vitnið hefir borið það, að það hafi verið í leigingu herra verzlunarstjóra Ágúst heitins Benediktssonar á Ísafirði frá 10. maí 1899 í fyrverandi hótél »Ísafjord«, en það er hús það, sem hér er um að ræða í þessu

máli, og »að húsið í heild sinni hafi enganveginn getað talist í leigufæru standi; rúður brotnar, lyklar týndir og hurðir gengnar úr fölsum og víða rifinn veggjapappír, svo að varla var í búandi sökum treks.« Vitnisburður þessi var að vísu ekki staðfestur með eiði, af því að málsaðilar fráféllu eiðfestingu. Annað vitnið bar það, að það hefði verið »í leigingu herra verzlunarmanns Ágústar heitins Benidiktssonar á Ísafirði frá 10. maí 1899 í fyrverandi hotel »Ísafjord« og að »hvað húsinu viðvök, þá hafi vantað lykil að forstofuhurðinni svo að henni varð ekki lokað.« Þriðja vitnið bar það, að það hafi verið í leigingu herra verzlunarstjóra Ágústar heitins Benidiktssonar á Ísafirði frá 10. maí 1899 á fyrverandi hotel »Ísafjord«, og »að húsið í heild sinni gat ekki talist í leigufæru standi, rúður brotnar, lyklar týndir, rífið betrekk og fleira.« Þessir 2 síðastnefndu vitni staðfestu vottorð sín með eiði fyrir réttinum. Ágúst Benediktsson, sem hér er nefndur, var tengdasonur Teits Jónssonar, og hafði hans vegna og í hans fjarveru afskifti af húseigninni. Með þessum skýrslum þykir það nægilega sannað, að húsið hafi eigi verið í leigufæru standi samkvæmt samningnum frá 20. okt., 1898 er áfrýjandi átti að taka við því 10. maí 1899, og að honum fyrir því hafi verið heimilt að ganga frá nefndum samningi. Það verður því samkvæmt þessu að alsýkna áfrýjanda í málinu, og eftir þessum úrslitum virðist rétt, að dánarbú Teits Jónssonar endurgjaldi honum málskostnað fyrir báðum réttum með 40 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi Guðmundur Br. Guðmundsson á að vera sýkn fyrir kröfur stefnda í máli þessu. Hið stefnda dánarbúi greiði áfryjanda í málskostnað 40 kr. og lúkist upphæð þessi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 20. nóvembermánaðar.

Nr. 10/1905:

Hofskirkja í Vopnafirði  
 gegn  
 dánarbúi prófasts Jóns Jónssonar  
 á Hofi.

D ó m u r:

Við skifti á dánar- og þrotabúi prófasts Jóns Jónssonar, prests að Hofi í Vopnafirði, kom fram krafa í búið frá Hofskirkju, að upphæð 6759 kr. 37 a. Krafa þessi taldist forgangsskuld í búinu, og við úthlutunina, er fram fór í skiftarétti Norðurmúlasýslu 17. nóv. 1903, var lagt út til greiðslu hennar:

- |                                                                 |             |
|-----------------------------------------------------------------|-------------|
| 1. af inneign hjá Ørum og Wulffs verzlun í Vopnafirði . . . . . | kr. 4974,93 |
| 2. af inneign hjá síra S. P. Sivertsen á Hofi . . . . .         | — 769,00    |
| 3. af inneign hjá Jörgen Hansen Vopnafirði . . . . .            | — 411,06    |
| 4. inneign hjá þöntunarfélagi Vopnafirðinga . . . . .           | — 604,38    |
| Samtals                                                         | kr. 6759,37 |